

87 læknanemar leystu af í 11 vikur í sumar

Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala, svaraði spurningum *Læknablaðsins* um mönnun og skipulag á spítalanum yfir sumartímann. Hann segir undirbúning, skipulag og samvinnu hafa skipt sköpum til að tryggja órofna þjónustu og öryggi sjúklinga, þrátt fyrir áskoranir vegna sumarleyfa og skorts á starfsfólki

■■■ Olga Björt Þórðardóttir

Runólfur segir að heilt yfir hafi starfsemi Landspítala gengið vel í sumar. „Það má rekja bæði til öflugs mannauðs og aukins skipulags og undirbúnings,“ útskýrir hann og bendir á grein í nýútgefnum Spítalapúls þar sem framkvæmdastjórar spítalans fara ítarlega yfir sumarið. Hann viðurkennir þó að mönnun þjónustunnar sé ætíð áskorun sem magnist á sumrin þegar starfsfólk taki út frí. „Framboð á afleysingafólki er takmarkað og því verðum við að skipuleggja orlofstökuna vel. Við leggjum áherslu á að starfsfólk fái sín frí án þess að það bitni á öryggi sjúklinga eða framboði þjónustu.“

Samkvæmt Runólfi er almennt viðmið að starfsfólk fái að lágmarki þrjár samfelldar vikur í sumarfríi. „Þetta tókst víðast hvar, til dæmis á röntgendeildinni, og því var lítið um samdrátt í þjónustu í sumar,“ bætir hann við. Runólfur leggur einnig áherslu á að á Landspítala séu eingöngu ráðnir læknar með fullgilt lækningaleyfi til að leysa af. „Þetta er ófrávikjanleg regla. Læknanemar með tímabundið leyfi geta sinnt störfum á öðrum stofnunum en ekki hér,“ segir hann.

Læknanemar létta undir álagið

Aðspurður hvort læknanemar hafi verið stór þáttur í sumarafleysingum svarar Runólfur: „Læknanemar eru ráðnir sem nemendur og þeir bera ekki ábyrgð á lækniþjónustu heldur vinna undir handleiðslu lækna með fullgilt leyfi. Þeir sinna þó fjölbreyttum verkefnum og létta þannig undir vinnuálaginu.“



Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala.

Alls voru 87 læknanemar ráðnir til starfa á Landspítala sumarið 2025 og störfuðu í um 11 vikur á hinum ýmsu sviðum spítalans. Runólfur segir að störfin gefi læknanemum mikilvæga reynslu og innsýn í störf lækna. „Markmiðið er að tryggja öryggi og gæði þjónustunnar allt árið. Starf læknanema á sumrin er jafnframt frábært tækifæri til náms og þjálfunar,“ útskýrir hann.

Varðandi laun læknanema og ákvörðun Fjársýslu ríkisins um að skerða hlutfallslega laun þeirra svarar Runólfur að Landspítali ráði því ekki. „Laun læknanema eru ákveðin af Kjara- og mannauðssýslu ríkisins. Það hefur þó verið æskilegt að launataflan fyrir sumarið 2025 hefði legið fyrir fyrr,“ segir hann og bætir við að spítalinn muni beita sér fyrir því að taflan vegna sumarsins 2026 liggi fyrir eigi síðar en aðrar launatöflur hjá hinu opinbera sem taka hækkunum frá og með 1. apríl 2026.

Um starfsanda og móttöku læknanema segir Runólfur að Landspítali leggi mikla áherslu á góða kynningu og skipulag. „Við höldum sameiginlegan kynningardag fyrir alla læknanema og buðum upp á reglulega fundi með forsvarsmönnum Félags læknanema. Í september sl. var einnig lögð fram könnun meðal læknanema til að leita leiða til úrbóta þar sem þess er þörf,“ útskýrir hann.

Samkeppni um vinnuafli og framtíðarsýn

Runólfur viðurkennir að samkeppni um vinnuafli læknanema sé til staðar, meðal annars frá hjúkrunarheimilum og öðrum heilbrigðisstofnunum þar sem laun séu oft hærri. „Við teljum jákvætt að læknanemar öðlist reynslu sem víðast. Landspítali mun hins vegar áfram leitast við að bjóða störf sem gefa dýrmæta innsýn í starfsemi þjóðarsjúkrahússins.“ Hann bendir á að í nágrannalöndunum séu læknanemar almennt ekki ráðnir til sumarstarfa í sama mæli og hérlendis. „Með aukinni sérnámsþróun og fjölgun námslækna gæti þróunin orðið sú sama hér á landi á komandi árum,“ útskýrir Runólfur.

Að lokum leggur hann áherslu á að Landspítali vilji að læknanemar hafi góða reynslu og traust á spítalanum sem framtíðarvinnustað. „Við viljum skapa jákvæðan starfsanda, gott námsumhverfi og tryggja að læknanemar fái þá þjálfun sem þeir þurfa. Það er lykillinn að því að laða að framtíðarstarfsfólk Landspítalans.“

Fundur ritstjórna norrænna læknablaða, í Stokkhólmi, Svíþjóð

■■■ Helga Ágústa Sigurjónsdóttir

Í september var árlegur fundur ritstjórna norrænu læknablaðanna haldinn í Stokkhólmi.

Í þetta sinn var fundurinn haldinn á hóteli nálægu höfuðstöðvum sænska læknablaðsins, *Läkartidningen*, sem er mörgum íslenskum læknum kunnugt. Það var því ákveðin „nostalgía“ í því að heimsækja þær höfuðstöðvar. *Läkartidningen* er staðsett á fjórðu og efstu hæð húss Svenska Läkarförbundet, sem trúlega þýðist sem Landssamband sænska læknafélagsins, miðsvæðis í Stokkhólmi, í einni af fínu götum borgarinnar, Villagatan 5, á Östermalm. Nafn götunnar er afar viðeigandi og segir mikið um húsinn við hana. Skrifstofan hefur nýlega verið endurnýjuð og er björt og rúmgöð með afar fallegt útsýni yfir þennan borgarhluta. Hádegisverður ritstjórna var í matsalnum á hæðinni fyrir neðan, þar sem ritstjórn *Läkartidningen* hefur einnig sína fundi í einni af björtum stofum hæðarinnar. Húsið er nýtt af félagsmönnum fyrir doktorsvarnir, afmæli og fleira. Sveriges Läkarförbund er stéttarfélag sænskra lækna ásamt öðru.

Sænsku vinir okkar tóku afar vel á móti okkur og að loknum fyrsta fundardegi var hópurninn leiddur í gegnum málverkasýningu Hanna Hirsch Pauli á Nationalmuseum. Hanna Hirsch var ein af brautryðjendum kvenna í málalari og myndir hennar sýna mikla næmni fyrir nákvæmum andlitsmyndum og rómantík. Eftir athyglisverða leiðsögn um sýninguna hélt hópurninn til kvöldverðar í annað tignarlegt hús, nú þess sem hýsir Svenska Läkaresällskapet. Það er sá hluti félagsins sem heldur um óháða vísindastarfsemi þess. Þessi hluti félagsins snýr að vísindum, menntun, gæðavinnu og siðfræði. Það hús var einnig afar glæsilegt, gamalt, staðsett nærri miðlægu járnbrautarstöðinni og oft notað undir alls kyns félagslega fundi og veisluhöld.



Hús sænska læknafélagsins (Läkarförbundet).

Það er afar notalegt að funda með starfsbræðrum og systur norrænu læknablaðanna. Allir eru tilbúnir að aðstoða hver annan og gefa góð ráð. Djúpar umræður eru á hverjum fundi um innihald blaðanna, bæði vísindalegt og félagslegt, útgáfu og dreifingu.

Það er afar notalegt að funda með starfsbræðrum og systur norrænu læknablaðanna. Allir eru tilbúnir að aðstoða hver annan og gefa góð ráð. Djúpar umræður eru á hverjum fundi um innihald blaðanna, bæði vísindalegt og félagslegt, útgáfu og dreifingu. Sænska læknablaðið, *Läkartidningen*, hóf útgáfu sína 1904 og er nú 120 ára, og fyrir rúmri viku fékk blaðið glænýja heimasíðu. Það var því rætt ítarlega, sem var afar heppileg umræða í ljósi þess að íslenska *Læknablaðið* vinnur nú að nýrri heimasíðu. Horft hefur verið til heimasíðu *Läkartidningen* og gerð hefur verið þarfagreining sem nýja heimasíðan mun byggja á og leitast verður eftir hagkvæmri og skilvirkri heimasíðugerð. Auk þessa voru meðal annars ræddir mikilvægir þættir varðandi gervi-



Läkartidningen bindur inn alla sína árganga líkt og *Læknablaðið* gerir og sjást síðustu árgangarnir til vinstri..



Eitt af frægum málverkum Hanna Hirsch Pauli. Hér malar hún sig, til vinstri með fjölskyldumeðlimum.

greindina. Öll blöðin nota *Scholarone* fyrir innsendingu og umsýslu vísindagreina, sem í ár sem áður, gaf tilefni til umræðna. Það er okkur ómetanlegt sem lítil þjóð með 110 ára gamalt *Læknablað*, að eiga samstarf með okkar norrænu starfsbræðrum og systur til áframhaldandi mótunar *Læknablaðsins* og erum við afar þakklát góðum móttökum vina okkar.